BREIÐHELLA 4



AFSTÖÐUMYND 1:500

	ningartafla:	Breiðhella 4					Skrásetjari:	Sigurlaug Sigurjónsdóttir									
	Landnúmer:	L203378					Kennitala:	0604767-8319									
	Matshlutanúmer:	01				Útgáfa: 4.01E		Dags.: 20.10.2020									
Uppskipting og lýsing					Stærðir												
D0 Lokun	D1 Rými hæð-röð	D2 Notkun texti	D3 Höfuð-flokkun	D4 Eignar-hald	D5 Botnflötur m²	D5M Milliflötur m²	D6 Stigar m²	D7 Op m²	D8 Brúttóflötur m²	D9 Brúttóflötur sh < 1,8	D10a Salarhæð min	D10b Salarhæð max	D11 Brúttó rúmmál m³	D12 Nettóflötur m²	D16 Birt flatarmál m²	Reiknitala skiptarúmmáls	D17 Skipta-rúmmál m³
		Matshluti			2.516,0	0,0	0,0	0,0	2.516,0	0,0			28.305,0	2.492,9	2.516,0		27.546,545
		Botn											503,2				
	01	1. hæð			2.516,0	0,0	0,0	0,0	2.516,0	0,0			27.801,8	2.492,9	2.516,0		
A	0101	Lager	N	0101	2.516,0				2.516,0		10,80	11,30	27.801,8	2.492,9	2.516,0	11,05	27.546,545
Athugasemdir																	
Sameignir sumra																	
Eignarhald																	
					Skiptarúmmál												
	Eignar-hald	Notkun texti	Birt flatarmál m²		Séreign m²	Séreign og sameign m²											
	0101	Lager	2.516,0		27.546,545	27.546,545											
		Alls	2.516,0		27.546,545	27.546,545											

SKRÁNINGARTAFLA

BREIÐHELLA 4
Landnúmer L203378 - Staðgreinir 1400-1-13850040

HÚSIÐ:
Húsið er iðnaðarhúsnæði á einni hæð, byggt sem lager með aðstöðu fyrir starfsfólk.

STÆRÐIR:

	Brúttóflötur m²	Brúttórúmmál m
1. hæð	2.516,0 m²	28.305,0 m3

LÓÐARSTÆRÐ:
Nýtingarhlutfall lóð. 2.516,0 m²/5.112,4m² = 0.49

BÍLASTÆÐI:
Á lóðinni eru 25 stæði fyrir lager og vinnusal þar af 1 fyrir hreyfihamlaða. 1 stæði / 100 m² húsnæðis. Bílastæði fyrir hreyfihamlaða eru í sama fleti og gangstétt.

BYGGINGARLÝSING:
Húsið er einnar hæðar stálgrindarhús klætt samlokueiningum með PIR einangrun. Hitastig er 10°-18°, nema í starfsmannarýmum er hitastig yfir 18°. Sökklar og botnplata eru steinsteypt og sökklar eru einangraðir að utan með 100mm plasteinangrun.
Útveggir eru úr viðurkenndum 150mm þykkum PIR stálsamlokueiningum. Einingarnar eru byggðar upp af stálklæðningu að utan og innan með einangrunarkjarna á milli klæðninga.
Milliveggir eru gerðir úr blikkstoðum, einangraðir með steinull og klæddir tvöföldu gipsi.
Gluggar eru ál/tré og álgluggar. Öryggisgler er í gólfsíðum gluggum.
Hurðir eru úr áli og iðnaðarhurðir úr huðuðum stálsamlokueiningum. Umferðarmál útihurða er 90cm og innihurða 83cm að lágmarki sbr. byggingarreglugerð. Hæðir hurða eru að lágmarki með 207cm umferðarmál.
Þak er úr trapisuplötum, einangrað með steinull og klætt þakklæðningu.

Aðallagnaleiðir: Lagnir eru sýnilegar upp undir lofti.
Hljóðvist: Innfelldar hljóðísogsplötur eru í loftum þar sem við á og í samræmi við byggingarreglugerð.
Algild hönnun: Húsið er hannað á grundvelli algildrar hönnunar í samræmi við Byggingarreglugerð211/2012 ásamt áorðnum breytingum. Hindrunarlaust aðgengi er fyrir hreyfihamlaða um allt húsið.
Búningsaðstaða starfsfólks: Þarf ekki að vera kynjaskipt þar sem starfsmenn hafa ekki fataskipti á vinnustaðnum.
Starfsmannafjöldi í húsinu er áætlaður 4-6 manns.
Sorp er flokkað og gámar eru fyrir úrgang á útisvæði aftan við hús, norðanmegin.
Fráveitukerfi: Lagt verður tvöfalt kerfi annars vegar fyrir skólplagnir og hinsvegar fyrir regnvatnslagnir sem tengist fráveitukerfi svæðisins. Olíumengað skólp fer í sand- og olíuskilju og fitumengað skólp fer í fituskilju áður en það fer í fráveitu svæðisins. Niðurföll á plani verða með sandgildrum.
Gólfniðurföll eru í öllum votrýmum staðsett á teikningum í mkv. 1:50.
Upphitun neysluvatns: Heilt neysluvatn er að hámarki 65°, varmaskiptir verður við inntak og tryggir 60-65°hita á heitu neysluvatni. Inntök rafmagns, hitaveitu og vatns eru frágengin skv. kröfum viðkomandi veitna.
Loftræsing Það er vélrænt útsog úr lokuðum gluggalausum rýmum, en annars um opnanleg fög.
Upphitun Hitablásarar hita upp lagerrými, en ofnar í starfsmannarýmum og skrifstofu.
Snjóbræðsla er í bílastæði hreyfihamlaðra og að aðalinngangi.

Reiknað U-Gildi byggingarhluta

Gluggar	1,7 W/m²K
Hurðir	2,7 W/m²K
Útveggir, stálsamlokueiningar	0,19 W/m²K
Botnplata	0,55 W/m²K
Þak	0,21 W/m2K

Reiknað vegið meðaltal
Vegið meðaltal veggja / glugga / hurða 0,30 W/m²K

Reiknað varmatap á m² húss
Varmatap á brúttó m² húss 0,75 W/m²K

BRUNAVARNIR
Brunavarnir eru samkvæmt greinargerð *Brunahönnun slf.* dags. 28.10. 2020.

Eftirfarandi brunahönnun og brunavarnalýsing er gerð af Brunahönnun slf (mál nr. 20-276) í október 2020 fyrir Breiðhellu 4. Til grundvallar lausnum brunavarna er byggingarreglugerð nr. 112/2012 og 350/2013 með síðari breytingum. Varðandi nánari lýsingar á brunavörnum vísast í brunahönnunarskýrslu Brunahönnunar slf. nr. 20-276-bh02.

Flokkun og notkun byggingar
Byggingin verður í notkunarflokki 1 skv. byggingarreglugerð. Um er að ræða stöflun pappavara (pappaumbúðir) í flokki III skv. NFPA 13 í opnum tvöföldum rekkum og djúpstöflunarrekkum upp í allt að 9 metra hæð.

Brunahólfun
Byggingin er eitt megin brunahólf um 2.500 m².
Inntaksrými rafmagns eru sér brunhólf.
Inntaksrými vatns- og vatnsúðakerfis er sér brunahólf.

Burðarvirki
Burðarvirki er stálvirki sem verður ekki eldvarið sérstaklega. Sjá rökstuðning í brunahönnunarskýrslu.

Klæðningar
Klæðningar verða skv. ÍST EN 13501.
Innanhúsklæðningar léttra veggja verða í flokki 1 (K10 B,s1-dO)
Gólfefni verða í flokki G (Dfl-s1).
Upphengd loft uppfylla a.m.k. B,s1-dO.
Þakeiningar eru kantstálseiningar einangraðar með steinull og klæðningar þaka eru í flokki B(roof) (t2).
Útveggjaeiningar eru PIR einingar í flokki B,s1-dO.

Flóttaleiðir
Frá engum stað er lengra en 30 m í næsta útgang.
Níu óháðar flóttaleiðir eru frá lager, tvær eru út í gegnum aðstöðu, aðrar eru beint út.
Frá aðstöðu eru a.m.k tvær óháðar flóttaleiðir, önnur er beint út hin í gegnum lager.

Brunaviðvörunarkerfi
Viðurkennt númerað brunaviðvörunarkerfi verður í öllu húsinu skv. ÍST EN 54 og reglum Mannvirkjastofnunar. Stjórnstöð og yfirlitsmynd eru í aðstöðu. Kerfið verður tengt viðurkenndri vaktstöð.

Slökkvikerfi
Sjálfvirkt vatnsúðakerfi verður sett upp í allt húsið skv. NFPA 13. Áhættuflokkur er HPS á lagerum og LH í aðstöðu. Úðahausar eru af gerðinni, ESFR í lagerum en „Quick response"í aðstöðu Stjórnbúnaður er í sér brunahólfi í inntaksrými vatnsúðakerfis sem er aðgengilegt utanfrá.

Reyklosun
Reyklosun er um þrjár reyklúgur í þaki sem eru hver um sig um 2 m² og opnast frá stjórnstöð í stjórnherbergi vatnsúðakerfis.

Brunaslöngur og slökkvitæki
Brunaslöngur skv. ÍST EN 671 eru íbyggingunni skv. teikningum. Slökkvitæki skv. ÍST EN 3 skulu m.a. staðsett við brunaslöngur en auk þess vera í inntaksrými rafmagns, t.d. 6 L léttvatn og 5 kg kolsýra í rafmagntöflurýmum. Slökkvitækin skulu sett upp af viðurkenndum aðila. Staðsetning brunaslanga og slökkvitækja skal merkt með til þess gerðum skiltum.

Út- og neyðarlýsing
Út- og neyðarlýsing er í öllu húsinu skv. byggingarreglugerð, ÍST EN 1838, ÍST EN 50172 og öðrum tengdum stöðlum.
Neyðarlýsing verður 5 lux yfir slökkvitækjum og handboðum og í tækni- og inntaksrýmum.
Neyðarlýsing skv. „flóttaleiðum"(1 lux) í flóttaleiðum.
Neyðarlýsing skv. "opnum svæðum"(0,5 lux) í lagerrými.
Útljós verða við alla útganga hússins.

Aðkoma slökkviliðs og slökkvivatn
Aðkoma slökkviliðs er frá Breiðhellu. Slökkvivatnsþörf hefur verið metin skv. leiðbeiningum HMS og er um 7000 l/mín.

Samþykkt þann
09. DES. 2020
Byggingarfulltrúinn í Hafnarfirði

SHS
8.12.2020

Digitally signed by Gunnar H Kristjánsson
DN: cn=Gunnar H Kristjánsson, c=IS
Iceland, l=IS Iceland
e=Brunahönnun ehf.
e=brunahonnun@brunahonnun.com
Reason: I am the author of this document
Location:
Date: 2021-01-13 10:02Z

ÚTGÁFA	TEIKNAÐ	YFIRFARIÐ	DAGS
BREYTINGAR			

ASK ARKITEKTAR EHF
GEIRSGÖTU 9 101 REYKJAVÍK
SÍMI 515 0300
www.ask.is

Sigurlaug Sigurjónsdóttir kt. 060767-8319
sigurlaug@ask.is

ASK ARKITEKTAR

VERKHEITI
Breiðhella 4, Lagerhúsnæði
Hafnarfjörður

TEGUND TEIKNINGAR: Aðaluppdráttur
HEITI TEIKNINGAR: Afstöðumynd / Byggingalýsing / Skráningartafla
MKV.1 A1: 1:500
HANNAÐ: HI/IRR
TEIKNAÐ: HI/IR
YFIRF.: SS
DAGS.: 28.10.2020
VERK NR.: 1925
AUÐKENNI - NÚMER TEIKNINGAR: 10-00
ÚTGÁFA

© ÖLL AFNOT OG AFRITUN TEIKNINGAR ER HÁÐ SAMÞYKKI ASK ARKITEKTA. ÓHEIMIL LEIÐ UPP AF TEIKNINGU.